

# Minnisblað

**Til: Stýrihóps um þingsályktun um afgerandi sérstöðu Íslands varðandi tjáningar- og upplýsingafrelsi**

**Frá: Elfu Ýri Gylfadóttur**

**Dagsetning: 27. ágúst 2015**

**Efni: Meiðyrðamálaflakk**

Meiðyrðalöggjöfin í Bretlandi hefur verið mikið til umfjöllunar bæði í Evrópu og hér á landi í tengslum við þingsályktun að Ísland skapi sér afgerandi lagalega sérstöðu varðandi tjáningar- og upplýsingafrelsi. En London hefur um árabíl verið nefnd meiðyrðahöfuðborg heimsins. Það hefur þótt sérstaklega ákjósanlegt fyrir þá sem telja að æra eða orðspor hafi beðið hnekki að stefna í meiðyrðamálum í Englandi og Wales. Af þessum ástæðum hafa ítrekað verið settar á laggirnar nefndir sem er ætlað að koma með tillögur til úrbóta þeim þessum málum.

Það dró til nokkurra tíðinda þegar ný meiðyrðamálalöggjöf var samþykkt á breska þinginu 23. apríl 2013, en lögin tóku gildi 1. janúar 2014. Eftir setningu laganna þurfa þeir sem sækja meiðyrðamál í Bretlandi að sýna fram á að umfjöllunin hafi verið skaðleg í Englandi og Wales áður en mál er þingfest (Norður-Írland er undanskilið í lögnum). Þá þarf að sýna fram á að málið eigi erindi í breskri lögsögu. Megin ákvæði laganna eru eftirfarandi:

- Sýna þarf fram á að ummæli hafi haft eða muni hafa skaðleg áhrif á mannorð sækjanda í málinu.
- Verjandi þarf að sýna fram á birtingin hafi varðað almannahagsmuni til að nýta sérstaklega „public interest defence for journalism“ sem er að finna í hinum nýju lögum.
- Ekki er hægt að fara í meiðyrðamál vegna faglegrar og réttar umfjöllunar um fræðilegar greinar eða vísindagreinar, um alþjóðlegar ráðstefnur, um dóma frá alþjóðlegum dómstólum og vegna umfjallana um ákvarðanir ríkisstjórna um allan heim.
- Settur hefur verið tímafrestur á stefnur í meiðyrðamálum og er nú með nýjum lögum einungis hægt að leggja fram stefnu innan eins árs frá því að fyrsta birting fór fram. Ekki er lengur litið svo á að í hvert skipti sem síða er hlaðin niður á netinu sé um nýja birtingu að ræða.
- Þegar um einstaklinga er að ræða sem eru utan Evrópu er sérstaklega kveðið á um að aðeins sé hægt að fara í meiðyrðamál innan breskrar lögsögu sé hægt að sýna fram á að lögsaga enskra dómsóla eigi best við.

Nokkuð er deilt um ágæti þessara nýju laga. Þannig er að finna umfjöllun og greiningu á lögnum bæði í skýrslum og greinum. Þar má sjá að þeir sem gagnrýndu bresku meiðyrðalöggjöfina hvað mest telja að ekki hafi verið gengið nægilega langt. Aðrir telja að búið sé að sníða af helstu vankantana.

Ef litið er til þess hvort búið sé að koma í veg fyrir meiðyrðamálaflakk í Bretlandi virðist staðan vera sú að gerðar eru strangari kröfur en áður. Það verður hins vegar að líta til þess að ákvæði í lögnum vísar til mála einstaklinga utan Evrópu og nær ákvæðið því ekki til Íslands. Þess ber hins vegar að geta að gerðar eru ítarlegri kröfur um að ummælin hafi skaðleg áhrif á

mannorð viðkomandi. Jafnframt er búið að koma í veg fyrir það að hægt sé að fara í mál við fræðimenn á grundvelli vísindagreina sem birtar eru, en nokkuð var um slík mál fyrir breskum dómstólum. Það er afar mikilvægt að búið sé að setja tímamörk á það hvenær hægt er að hefja mál og girða fyrir þá túlkun breskra dómstóla að hver ný uppfletting á netinu teljist nýbirting.

Svo virðist sem breska löggjöfin hafi dregið úr meiðyrðamálaflakki að verulegu leyti. Ástæðan er sú að sýna verður fram á að viðkomandi hafi orðið fyrir verulegum skaða vegna ummælanna. Þannig hafa skaðabótakröfurnar lækkað verulega í meiðyrðamálum síðan lögin voru sett.

Í skýrslu „Taylor Wessing analysis, Defamation Act 2013“ er gerð ágæt grein fyrir stöðu mála. Skýrslan er aðgengileg á Basecamp til upplýsingar fyrir Stýrihópinn.

### **Að lokum:**

Telja má að þær lagabreytingar sem gerðar hafa verið í Bretlandi muni fækka verulega möguleikunum á meiðyrðamálaflakki þar í landi. Eftir stendur hins vegar sú grundvallarspurning hvort rétt sé að fullnusta dóm sjálfkrafa í meiðyrðamáli í einu ríki sem fellur í öðru ríki Evrópu. Samkvæmt 1. mgr. 33. gr. Lúganósamningsins skal dómur, sem kveðinn hefur verið upp í samningsríki viðurkenndur í öðrum samningsríkjum án þess að nokkurrar sérstakrar málsmeðferðar sé þörf. Undantekningar frá þessari meginreglu er að finna í 34. gr. samningsins en þar segir m.a. að dómur skuli ekki viðurkenndur ef viðurkenning hans væri bersýnilega andstæð allsherjarreglu í því ríki þar sem hennar er krafist, sbr. 1. tölul. Ástæða þess að e.t.v. er þörf á að skoða hvort fullnusta eigi dóma í meiðyrðamálum með þessum hætti er sú að meiðyrðamál eru annars eðlis en t.d. slysamál. Þannig hafa skapast hefðir í einstökum ríkjum auk þess sem menning innan Evrópu er ólík hvað þetta varðar. Vitað er að danski dómsmálaráðherrann skrifaði framkvæmdastjórn ESB bréf þar sem rök voru færð fyrir því að meiðyrðamál ættu að vera undanþegin reglum Evrópusambandsins um fullnustu dóma, m.a. með vísan til ólíkrar menningar og hefðar. Taka má undir þau sjónarmið sem Danir hafa sett fram í málinu.